

Gátlisti fyrir foreldraráð Barnabóls

Meginþættir

- Lesa lög um leikskóla, reglugerðir og reglur um skólahald frá menntamálaráðuneytinu og bera saman við skólastefnu og áætlanir skólans og sveitarfélags.
- Lesa skólanámskrá og bera saman við aðalnámskrá og leikskólalög. Skila umsögn um skólanámskrá til skólastjóra og Fræðslunefndar.
- Fara yfir starfsáætlun og skóladagatal, aðgæta hvort skóladagatal er samræmt milli leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu. Senda umsögn um skóladagatal til skólastjóra og Fræðslunefndar.

Ef foreldraráð hefur engar athugasemdir við skólanámskrá og skóladagatal er samt sem áður mikilvægt að senda staðfestingu þar um til skólastjóra og Fræðslunefndar.

Annað sem vert er að hafa í huga

- Kynna sér stefnu skólans um samstarf heimila og skóla sem og upplýsingagjöf til foreldra.
- Skoða skólahúsnæði, tækjakost skólans og annan búnað sem og almennan aðbúnað nemenda.
- Skoða mötuneyti og matseðla.
- Skoða aðkomuleiðir að skólanum. Huga að eftirliti með leiktækjum á útisvæði.
- Spyrja út í starfsmannastefnu, starfsmannahald og símenntunaráætlun skólans.
- Spyrja út í áfallaáætlanir og forvarnir.
- Fá upplýsingar um sjálfsmatsáætlun skólans, fylgjast með framgangi hennar sem og niðurstöðum kannana sem gerðar eru í tengslum við sjálfsmat.
- Tala við og hlusta eftir röddum foreldra, kennara og annara starfsmanna.
- Skoða framlög til skólamála sveitarfélagsins miðað við aðra málaflokka og bera einnig saman framlög til skólastofnana innan sveitarfélagsins.
- Koma með tillögur til úrbóta um það sem betur má fara ef þörf krefur.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

